



Sjálfsmatsskýrsla
Grunnskóla Snæfellsbæjar

Skólaárið 2016 - 2017



Innihald

| | |
|---|----|
| Inngangur | 2 |
| Um GSnb..... | 3 |
| Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats | 4 |
| Sjálfsmat 2016-207 | 5 |
| Viðmið um gæði í skólastarfi | 5 |
| 1.1. Inntak, árangur og framfarir | 5 |
| 1.2. Skipulag náms og námsumhverfi..... | 5 |
| 2.2. Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað. | 6 |
| 3.3. Faglegt samstarf | 7 |
| 3.5. Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur. | 7 |
| 4.2. Velferð og líðan nemenda. | 8 |
| Þættir úr ytra mati..... | 9 |
| Niðurstöður PISA könnunar og samræmdra prófa..... | 10 |
| Umbótaáætlun | 11 |
| Viðmiði um gæði skólastarfs | 11 |
| Umbætur í kjölfar ytra mats..... | 13 |
| Umbætur vegna vegna útkomu úr PISA könnunar og samræmdra prófa | 13 |
| Lokaorð..... | 15 |
| Heimildir | 16 |
| Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi..... | 17 |
| Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat | 18 |

Inngangur

Tilgangurinn með sjálfsmati skóla er fyrsta og fremst að vera umbótamiðað, þ.e. greina stöðuna, vinna áætlun um hvað vel er gert og hvað má betur fara og hrinda áætlunin í framkvæmd.

Í greinum 35. og 36. í Lögum um grunnskóla frá 2008 ber öllum grunnskólum að framkvæma innra mat. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Innra matið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímamiðað. Með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið. Innra mat skóla er því leið til að miðla þekkingu um skólastarfið og er liður í þróun skólans.

Samkvæmt 5., 6. og 37. greinum Grunnskólalaga er það í verkahring sveitastjórna að sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs. Þær upplýsa ráðuneytið um framkvæmd skólalahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Samkvæmt 38. grein grunnskólalaga kemur fram að menntamálaráðuneytið annast greiningu og miðlun upplýsinga um skólalahald í grunnskólum á grundvelli upplýsinga frá sveitarfélögum skv. 37. gr. og með sjálfstæðri gagnaöflun.

Skólar geta valið hvaða aðferðum þeir beita í sjálfsmatsvinnunni. Ákveðin viðmið sem skólum er ætlað að uppfylla í sjálfsmatsvinnunni eru gefin út á vegum ráðuneytisins svo og leiðbeiningar um sjálfsmat. Til að mat teljist uppfylla viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Sjálfsmatsskýrsla sem nú lítur dagsins ljós er að vissu leyti tilraunaverkefni. Við erum að fikra okkar nýja leið og átta okkur hvernig við viljum haga innra matinu. Það bera að taka hana sem slíka, það eru ákveðnir hlutir í henni sem betur mega fara og við erum meðvituð um, s.s. samsetning matshópsins og einhæfar matsleiðir. Þetta eru þættir sem við sjáum fyrir okkur að klippa í liðin næsta skólaár. Þá viljum við fletta matið inn í daglegt starf og taka einn til tvo þætti í hverjum mánuði.

Um GSnb

Grunnskóli Snæfellsbæjar var stofnaður árið 2004.

Það ár voru Grunnskólinn á Hellissandi og Grunnskólinn í Ólafsvík lagðir niður og stofnaður skóli fyrir þéttbýliskjarna Snæfellsbæjar norðan Fróðárheiðar (Hellissand, Ólafsvík og Rif). Árið eftir bættist Lýsuhólsskóli við sem starfsstöð skólans þegar sá skóli var lagður niður sem sjálfstæð stofnun, síðan þá hafa allir grunnskólar Snæfellsbæjar starfað undir sama merki.

Í skólanum er unnið að fjölda verkefna sem skilar sér í betri skólabrag. Í hverju verkefni eru starfandi teymi starfsfólks sem leiðir starfið. Teymin funda reglulega þar sem lagðar eru línur varðandi áherslur og viðfangsefni.

Við erum þátttakendur í Olweusarverkefninu, gegn einelti. Um nokkurra ára skeið hefur skólinn verið þátttakandi í Grænfána verkefninu en undir þess merkjum vinnum við að sjálfbæru og umhverfisvænu samfélagi. Frá síðasta hausti höfum við verið Heilsueflandi grunnskóli. Því tengdu tökum við þátt í Erasmus+ verkefni sem kallast „Healty lifestyle for hopeful future“ eða „Heilbrigður lífstíll fyrir hamingjuríka framtíð“. Skólinn er einn fárra skóla á landinu sem státar af námskrá í átthagafræðum. Átthagafræði er fræðsla um nærsamfélagið þar sem nemendum gefst kostur á að kynna heimabyggð sinni, hver bekkur kynnrir sér ákveðið svæði/fróðleik þar að lútandi og fer í vettvangsferðir því tengdu. Á síðasta ári innleiddum við Vinaliðaverkefnið í starfi skólans. Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum, skapa betri skólabrag og vinna gegn einelti.

Upplýsingatækni teymið okkar tók til starfa á síðasta skólaári. Þeirra helstu verkefni voru að taka út stöðu tæknimála í skólanum, leggja fyrir kannanir um tækni- og endurmenntunarþörf, standa fyrir fundum og sinna símenntun á þessu sviði fyrir starfsfólk. Þess má geta að nemendur úr 9. bekk voru með menntasmiðju fyrir nemendur 1. – 4. bekkjar og sáu um kennsluna þar. Einnig fóru nemendur frá okkur á menntasmiðju fyrir kennara í FSN og kynntu fyrir þeim það nýjasta sem þau voru að fást við!

Um mitt síðasta skólaár tóku tvö ný teymi til starfa við skólann, í stærðfræði og læsi. Bæði þessi teymi byrjuðu á því að kortleggja stöðuna í skólanum og eru að marka okkur stefnu um hvernig við getum unnið enn betur á þessum sviðum. Læsteymið okkar stóð fyrir lestrarspretti í lok síðasta skólaárs og er skemmst frá því að segja að spretturinn tókst vel. Þar tóku allir nemendur í 1.-9. bekk þátt. Allir lögðust á eitt, nemendur, foreldrar og starfsfólk. Það var mjög ánægjulegt að ganga um skólann á meðan þessu fór fram, það voru allir að lesa og auðheyrta að mörgum fór fram. Í sumar stóð skólinn fyrir sumarlestri í samstarfi við Bókasafn Snæfellsbæjar en þar eru nemendur hvattir til að viðhalda lestrarkunnáttunni yfir sumarið. Opnunartími bókasafnsins var aukinn af því tilefni.

Á þessu skólaári verður lögð áhersla á aukið samstarf og samvinnu kennara, s.k. teymiskennsla. Það hefur sýnt sig að með slíkum vinnubrögðum skapist sameiginleg ábyrgð, aukinn stuðningur og vinnuhagræðing. Teymiskennsla í skólunum einkennist fyrst og fremst af samvinnu um nám og kennslu nemenda. Í teymiskennslu komi fram fleiri hugmyndir, skoðanir og möguleikar á lausnum. Kostir teymiskennslunnar liggja í samstarfinu þar sem styrkleikar hvers og eins fá að njóta sín. Grunnskólarnir á Snæfellsnesi eru í þessu verkefni saman og mun Ingvar Sigurgeirsson prófessor við HÍ verða skólanum innan handar við innleiðinguna.

Af þessari upptalningu má ljóst vera að það er öflugt starf sem unnið er undir merkjum skólans sem borið er uppi af metnaðarfullu starfsfólki, góðum nemendum og samstarfsfúsum foreldrum. Verum alltaf minnug þess að við getum gert betur og veitum hvort öðru aðhald í því að viðhalda því góða starfi sem unnið er í skólanum með það að markmiði að gera enn betur.

Sjálfsmatsaðferð og framkvæmd mats

Á þessu skólaári var farin sú leið styðjast við líkan sem Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga gaf út árið 2012. Líkan þetta er kynnt í bæklinginum *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Við úttekt á skólastarfi styðjast ráðgjafar ráðuneytisins við þennan bækling. Í bæklingnum kemur fram að:

„Viðmiðin sem hér fara á eftir, eru fyrst og fremst byggð á lögum og reglugerðum um skólastarf og aðalnámskrá grunnskóla. Áherslur og straumar í skólastefnum sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands voru einnig hafðir til hliðsjónar auk Sameiginlegrar framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfið 2007-2020. Litið var til viðmiða í ytra mati víða erlendis, s.s. frá Englandi, Skotlandi, Noregi, Svíþjóð, Þýskalandi og Kanada. Einnig var horft til viðmiða Reykjavíkurborgar í heildarmati á grunnskólum.“

Viðmiðin eru flokkuð í 5 yfirþætti sem eru svo flokkaðir í 18. Undirþætti (sjá fylgiskjal 1). Kosturinn við að fara þess leið voru að okkar mati að gott væri að styðjast við sömu þætti í matinu og metnir eru í ytra matinu, bæði þar sem skólinn er nýlega búinn að vera í slíku mati (sjá <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=1AC247250AFE22D800257F0003178BC&action=openDocument>) og mun væntanlega innan skamms tíma lenda í slíku mati aftur. Þannig sjáum við það fyrir okkur að við getum stuðst við ytra mats skýrsluna og erum vel undirbúin að vera tekin út þegar röðin kemur að okkur aftur.

Matshópur skólans þetta skólaár samanstóð af stjórnendum skólans, þ.e. Hilmarí Mára Arasyni, skólastjóra, Elfu Ármannsdóttur, aðstoðarskólastjóra, V. Lilju Stefánsdóttur, deildarstjóra, Rósu Erlendsdóttur, deildarstjóra, Margréti Gróu Helgadóttur, verkefnastjóra og Hugrónu Elísadóttur, verkefnastjóra. Þannig að hver starfstöð átti sinn fulltrúa. Það sem við erum að fara þessa leið í fyrsta skiptið þá ákváðum að fara þessa leið, þ.e. að hafa einungis stjórnendur í matsteyminu þannig að reyndum á eigin skinni hvað væri gott og hvað slæmt við þessa leið. Strax næsta skólaár verður passað upp á að sem flestir úr skólasamfélaginu eigi sína fulltrúar.

Matshópurinn vann áætlun til lengri tíma (fylgiskjal 2). Ákvað hópurnir að taka ekki of marga þætti fyrir í þetta sinn, heldur færri og vanda til verka. Þeir þætti sem voru fyrir valinu voru:

1. Nám og kennsla:

- 1.1 Inntak, árangur og framfarir.
- 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi.

2. Mannauður:

- 2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.

3. Stjórnun og skipulag:

- 3.3 Faglegt samstarf
- 3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

4. Skólabragur:

- 4.2 Velferð og líðan nemenda.

Samhliða þessu mati þá eru ýmsir þættir í skólastarfinu sem flokkast undir sjálfsmat og rétt að geta þeirra hér, það eru þættir eins og:

- ✓ Þættir úr ytra mati frá vorinu 2015 sem átti eftir að koma til framkvæmda.
- ✓ Niðurstöður samræmdra prófa og PISA, minnisblað um útkomu skólans.
- ✓ Niðurstaða vinnu sveitarstjóra með kennurum og stjórnendum og hvað mæti bæti varðandi aðbúnað og framkvæmd vinnumatsins.
- ✓ Skólastjóri fundaði með nemendum í unglingsdeild um hvað þeim þætti vera gott við skólann sinn og hvað mætti betur fara

Sjálfsmat 2016-2017

Hér á eftir eru niðurstöður úr innra mati skólans, úr þeim þáttum sem metnir voru.

Viðmið um gæði í skólastarfi

1.1. Inntak, árangur og framfarir

Skólanámskrá skólans er skýrt fram sett og birt á heimasíðu. Nýlega er búið að endurskoða hana og setja upp samkvæmt fyrirmælum Aðalnámskrá. Grunnþáttum er gerð góð skil í skólanámskránni.

Hæfniviðum í 4., 7. og 10. bekk var raðað niður árganga og eru aðgengileg á sameiginlegu drifi. Kennslulotur eru setta upp í flestum námsgreinum nemenda í 10. bekk og hæfniviðmið / matsviðmið metin jafnóðum. Almennir kennsluáætlanir / - lotur ekki settar upp.

Í heildina má segja að niðurstöður úr samræmdu prófunum séu nokkuð sveiflukenndar í öllum þremur árgöngunum og í öllum námsgreinunum. Út frá niðurstöðum í heild sinni má segja að skólinn komi nokkuð vel út úr samræmdum prófum, er m.a. oft yfir eða við landsmeðaltal. Það sem er styrkleiki skólans er hve margir árgangar hækka sig á milli prófa (sjá fylgiskjal).

Niðurstöður samræmdra prófa eru nýttar til að bæta árangur einstakra nemenda og stuðningur er endurskoðaður í kjölfarið.

Styrkleikar

- ✓ Skólanámskrá skólans er skýrt fram sett, birt á heimasíðu og endurskoðuð reglulega.
- ✓ Áherslur sveitarfélagsins endurspeglast í námi nemenda.
- ✓ Unnið er markvisst með niðurstöður samræmdra könnunarprófa.

Tækifæri til umbóta

- ✓ Námslotur/kennsluáætlanir þarf að setja upp í öllum árgöngum og námsgreinum. Marviss stuðning og eftirfylgni þarf með þeirri vinnu.
- ✓ Gera þarf skólanámskránni af virku og lifandi plaggi sem unnið er eftir og vitnað er í.

Útkoma: 9 matsþættir metnir, summa þeirra er 36 stig og meðaltal þeirra er 4,0.

1.2 Skipulag náms og námsumhverfi

Skólinn er í virku samstarfi við leikskólann og Fjölbrautarskóla Snæfellinga (FSN). Unnin var sameiginleg stefna grunnskólanna á Snæfellsnesi og FSN sem tekur til samstarfs á víðum grunni og unnið er eftir. Samstarfi við leikskólann er líka getið í skólanámskrá og tekur það til heimsóknna leikskólabarna í skólann og tveggja daga vorskóla. Flutningur nemenda milli starfsstöðva, þ.e. úr 4. bekk á Hellissandi í 5. bekk í Ólafsvík, fer fram með skilvirkum hætti. Nemendum í 4. bekk er kennt tvö tíma í viku í Ólafvík með það að markmiði að kynnast nýjum aðstæðum, einnig eru skilafundir haldnir milli kennara.

Áætlanir um nám og kennslu birtast ekki með markvissum hætti inn á Mentor, vantar í mörgum árgögnum og námsgreinum. Það er til skjal á sameiginlegu drifi þar hæfniviðmiðunum er raðað á árganga og eru í góðu samhengi. Valtímar nemenda eru undir viðmiðunarmörkum

Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári, þar sem umsjónarkennari ræðir skipulega við hvern nemanda sinn um nám og líðan. Unnin er viðhalds- og búnaðaráætlun fyrir skólann, við samningu þeirra er hlustað eftir röddum starfsfólks með það að markmiði að bæta aðstæður nemenda og starfsfólks til náms og kennslu.

Styrkleikar

- ✓ Gott samstarf við leik- og framhaldsskóla.
- ✓ Nemendasamtöl eru reglulega, minnst tvö á ári.
- ✓ Nemendum er kynnt hvaða námsbrautir eru í boði í framhaldsskólum.
- ✓ Tekið tillit til óska starfsfólks við gerð búnaðar- og viðhaldsáætlunar.

Tækifæri til umbóta

- ✓ Áætlanir um nám og kennslu birtast ekki með markvissum hætti inn á Mentor, vantar í mörgum árgögnum og námsgreinum.
- ✓ Auka fjölbreytni í kennsluháttum og val nemenda.
- ✓ Endurskoða stefnu skólans hvað varðar heimanám og vinna eftir henni.

Útkoma: 11 matsþættir metnir, summa þeirra er 37 stig og meðaltal þeirra er 3,4.

2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.

Í Grunnskóla Snæfellsbæjar er hugað að góðum starfsanda og jákvæðum samskiptum starfsfólks á vinnustað. Starfrækt er öflugt starfsmannafélag sem stendur fyrir reglulegum viðburðum. Tækifæri starfsmanna til endurmenntunar er veigamikill þáttur í skólaþróun og starfi skólans. Skólinn leggur áherslu á sveigjanleika þegar kemur að endurmenntun starfsmanna. Sameiginlegir fundir starfsstöðvanna eru haldnir reglulega til að auka samvinnu og samkennd hópsins. Mótuð hefur verið jafnréttisstefna skólans. Þá er starfandi öryggisnefnd skólans sem tryggir almennt öryggi vinnustaðarins. Gott aðgengi er að stjórnendum skólans sem starfsmenn kunna vel að meta. Viðhald og hagræðing skólahúsnæðis er í sífelltri endurskoðun. Þá er reynt að koma til móts við starfsmenn um búnað og námsgögn. Starfmannasamtöl eru tekin reglulega og unnið út frá niðurstöðum þeirra. Þá eru lagðar fyrir kannanir til að fá faglegt álit og viðhorf starfsmanna. Vel er tekið á móti nýjum starfsmönnum og lögð er áhersla á að kynna þeim skólastarfið.

Styrkleikar

- ✓ Starfrækt er öflugt starfsmannafélag
- ✓ Endurmenntun starfsmanna
- ✓ Styrkleikar starfsmanna nýttir
- ✓ Aðgengi að námsgögnum
- ✓ Gott aðgengi að stjórnendum

Tækifæri til umbóta

- ✓ Viðhald og aðbúnaður skólahúsnæðis
- ✓ Endurmenntun á staðnum
- ✓ Heilsuefling starfsmanna

Útkoma: 16 matsþættir metnir, summa þeirra er 64 stig og meðaltal þeirra er 4,0.

3.3 Faglegt samstarf

Í faglegu starfi skólans er lögð áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð í öllum þáttum skólastarfsins. Þá eru jákvæð samskipti, gagnkvæmt traust og virðing höfð að leiðarljósi í teymisvinnu. Fundarskipulag og fundargerðir eru gagnsæjar og aðgengilegar starfsfólki. Teymiskennsla eykur þverfaglegan þátt og stuðlar að kennslufræðilegri fjölbreytni. Samstarf er við önnur skólastig og grenndarsamfélagið.

Styrkleikar

- ✓ Fréttabréf sent reglulega
- ✓ Fundarskipulag og fundargerðir aðgengilegt
- ✓ Aukin teymisvinna

Tækifæri til umbóta

- ✓ Auka upplýsingastreymi
- ✓ Endurskoða teymisvinnuna

Útkoma: 8 matsþættir metnir, summa þeirra er 36 stig og meðaltal þeirra er 4,0.

3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.

Skóladagur nemenda

Séð er til þess að skóladagur nemenda sé heildstæður og vikulegur námstími í samræmi við mínútufjölda sem tilgreindur er í viðmiðunarstundaskrá. Stundatöflur eru samfelldar og tímafjöldi svipaður alla daga með eðlilegum hléum miðað við aldur og þroska nemenda. Reynt er að nýta sveigjanleika viðmiðunarstundaskrár eftir föngum og er t.d. greina- og stoðkennsla skipulögð þvert á árganga. Sveigjanleikinn er nýttur í áttthagafræðiverkefnum og í hringekjum sem einnig tengjast valgreinum nemenda. Fjölbreytni í valgreinum mætti vera meiri en skólinn kemur til móts við nemendur og metur nám utan skólans, s.s. tónlistarnám og þátttöku í atvinnu- og félagslífi, til valgreina sé þess óskað.

Styrkleikar

- ✓ Skóladagur nemenda er heildstæður og vikulegur námstími er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá.
- ✓ Frímínútur, hvíld og útivist eru skipulögð með hliðsjón af aldri og þroska nemenda.

Tækifæri til umbóta

- ✓ Auka mætti fjölbreytni í valgreinum sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á náms- og áhugasviðum.

Útkoma: 8 matsþættir metnir, summa þeirra var 33 stig og meðaltal 4,1

Starfsáætlun og skólanámskrá

Skólanámskrá Grunnskóla Snæfellsbæjar uppfyllir að flestu leyti þau viðmið sem birt eru í aðalnámskrá og endurspeglar áherslur í skólastefnu sveitarfélagsins. Starfsáætlun uppfyllir þau skilyrði að öllu leyti. Skóladagatal uppfyllir viðmið um árlegan starfstíma skólans.

Allar upplýsingar úr skólanámskrá og starfsáætlun er að finna á heimasíðu skólans bæði í heildstæðum skjölum og í felligluggum fyrir einstök atriði. Stjórnendur skólans hafa forgöngu um reglulega endurskoðun skólanámskrár og öllum hagsmunaaðilum er gefinn kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Starfsáætlun er uppfærð árlega með þátttöku starfsfólks skólans og er lögð fyrir skólaráð og skólanefnd til umsagnar.

Styrkleikar

- ✓ Skólanámskrá og starfsáætlun eru aðgengilegar og upplýsandi um flesta þætti skólastarfsins.
- ✓ Skólastjórnendur hafa forgöngu um endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar og hagsmunaaðilum gefst kostur á að taka þátt í uppfærslu.

Tækifæri til umbóta

- ✓ Kynna mætti stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins.

Útkoma: 11 matsþættir metnir, summa þeirra var 52 stig og meðaltal 4,7

Verklagsreglur og áætlanir

Leitast er við að viðhalda góðum starfsanda og jákvæðum skólabrag og skilgreining þar að lútandi kemur fram í skólanámskrá. Skólareglur liggja fyrir og bekkjareglur eru sýnilegar í skólastofum. Við gerð skólareglna og viðbragða við agabrotum er farið eftir ákvæðum í reglugerð og nemendur og starfsfólk taka þátt í að móta skólareglur. Forvarnaráætlanir liggja fyrir og þeim er fylgt eftir því sem við á. Verklagsreglur og viðbrögð við einelti liggja fyrir og unnið er eftir áætlun Olweusar í eineltismálum.

Áætlun um stoðkennslu er til og ákveðinn tímafjöldi settur í töflu fyrir hvern árgang. Þetta skólaár (2016-2017) vantar fagaðila til að vinna eftir áætlunum um kannanir og skimanir til að finna þá nemendur sem þurfa á námsaðstoð að halda. Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur, nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur með sérþarfir er að finna í skólanámskrá.

Styrkleikar

- ✓ Verklagsreglur og viðbrögð við einelti eru skilvirk og allir aðilar skólasamfélagsins þekkja þau.
- ✓ Mikið er lagt upp úr samstarfi og samvinnu allra í skólanum, nemenda og starfsfólks.

Tækifæri til umbóta

- ✓ Móta þyrfti skýra starfsmannastefnu.
- ✓ Finna þarf fagaðila til að útfæra betur áætlanir um sérkennslu og stuðning og sjá um skimanir fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð.

Útkoma: 13 matsþættir metnir, summa þeirra var 56 stig og meðaltal 4,3

4.2. Velferð og líðan nemenda.

Í skólanámskrá er stefna um velferð og umhyggju fyrir nemendum. Foreldraviðtöl eru tvisvar á skólaárinu til þess að ræða líðan, námsárangur og markmið nemenda. Hjúkrunarfræðingur, lausnaleitarteymi og nemendaverndarráð taka til skoðunar og umfjöllunar þau mál sem upp koma. GSNB er heilsueflandi skóli. Við fylgjum áætlun Olweusar og Zippý varðandi samskipti nemenda,

ásamt móttökuáætlun þegar nýjir nemendur hefja nám við skólann. GSNB er í góðu samstarfi við FSSF, heilsugæsluna og aðra stoðaðila skólans. Náms- og starfsráðgjafi kemur reglulega í skólann.

Styrkleikar:

- ✓ Skýr og viðeigandi stefna um velferð og umhyggju fyrir nemendum sem fylgt er eftir.
- ✓ Fylgst með líðan nemenda með könnunum og einstaklingsviðtölum.
- ✓ Bekkjarfundir, einstaklingssamtöl, foreldra-og nemendasamtöl, fundur skólastjóra með nemendum. Nemendaráð á fulltrúa í skólaráði.
- ✓ Olweusaráætlun, Zippý og vinaliðaverkefnið vinnur að góðum samskiptum milli nemenda.
- ✓ Fylgt er vel eftir þegar nemendur flytjast á milli skóla eða skólastiga.
- ✓ Stoðþjónusta við nemendur og fjölskyldur þeirra.

Tækifæri til úrbóta:

- ✓ Hvetja nemendur enn frekar til þess að sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum.
- ✓ Auka þarf áherslu á námstækni og tímastjórnun.
- ✓ Auka/tryggja viðveru hjúkrunarfræðings í skólanum, sérstaklega við deildina á Lýsu.

Útkoma: 11 þættir metnir, summa þeirra er 54, meðaltal 4,9.

Þættir úr ytra mati

Í janúar 2015 unnu starfsmenn Námsmatsstofnunnar úttekt á starfssemi skólans á grundvelli laga og reglugerðar þar um. Í úttektinni var lögð áhersla á að meta fjóra þætti, þ.e. stjórnun, nám og kennslu, innra mat og nám nemenda með sérþarfir. Margt kom vel út og bent var á þætti sem mega vera betri en niðurstaða matsmanna var að:

„Í stórum dráttum má segja að í Grunnskóla Snæfellsbæjar fari fram gæðastarf þar sem stuðst er við lög, reglugerðir, aðalnámskrá og annað sem lögum samkvæmt snýr að þeim þáttum skólastarfs sem metnir voru. Styrkur skólans felst meðal annars í öflugri áttahagafræðikennslu sem nær til allra árganga skólans og má segja að umhverfi, menning og saga séu mjög áberandi í vitund nemenda og starfsfólks.“

Það er mikilvægt fyrri okkur að fá staðfestingu á því að í skólanum fari fram gæðastarf og gott að fá ábendingar um það sem má betur fara.

Niðurstöður matsins voru kynntar á starfsmannafundum, fræðslunefnd, fyrir stjórnnum skólaráðs, foreldrafélaganna og nemendaráðs. Úttektin var kynnt í fréttabréfum og á heimasíðu skólans. Úrbótaáætlunin var unnin af stjórnendum í góðu samráði við starfsfólk og var aðgengileg á sameiginlegu drifi starfsfólks, þannig gat starfsfólk fylgst með framvindu mála. Þegar búið var að afgreiða málið var það litað grænt, ef byrjað var að vinna að úrbótum einhvers þáttar var hann litaður gulur ef ekki var unnið að málinu var hann ólitaður. Reglulega var farið yfir stöðu mála á starfsmannafundum.

Úttektina og umbótaáætlunina í kjölfar hennar er hægt að nálgast á þessari slóð:

Niðurstöður PISA könnunar og samræmdra prófa

Ísland hefur tekið þátt PISA í frá árinu 2000. Prófin eru lögð fyrir á þriggja ári fresti, að vori þegar nemendur eru í 10. bekk. Allir íslenskir nemendur taka þátt í könnuninni en úrtak er tekið á meðal nemenda í hinum OECD ríkjunum.

Nemendur í tíunda bekk tóku prófið í sjötta sinn vorið 2015 og er hægt að nálgast niðurstöður þeirra á slóðinni https://mms.is/sites/mms.is/files/pisa_2015_island.pdf. Í skýrslunni segir að:

Niðurstöður úr PISA 2015 benda til þess að læsi íslenskra nemenda á náttúruvísindi hafi hrakað mikið á síðastliðnum áratug. Læsi á stærðfræði hefur einnig hrakað stöðugt frá því það var fyrst metið árið 2003. Lesskilningur minnkaði frá 2000 til 2006 en eftir það hefur hann ekki lækkað marktækt.

Hægt er að vinna úr niðurstöðum nemenda stærri sveitarfélaganna á marktækan hátt en fyrir sveitarfélag af okkar stærðargráðu eru niðurstöðurnar ekki marktækar. Við fengum niðurstöður (sjá fylgiskjal 19) fyrir alla skólana á Snæfellsnesi, þ.e. Grunnskóla Snæfellsbæjar, Grunnskóla Grundarfjarðar, Grunnskólann í Stykkishólmi og Laugargerðisskóla. Meðaltal læsis í náttúruvísindum var 487 í þessum skólum, meðaltal fyrir Ísland var 473 og meðaltal fyrir OECD 493. Meðaltal læsis í stærðfræði var 485 í þessum skólum, meðaltal fyrir Ísland var 488 og meðaltal fyrir OECD 490. Meðaltal lesskilnings var 499 í þessum skólum, meðaltal fyrir Ísland var 482 og meðaltal fyrir OECD 493. Við erum alltaf undir meðaltali OECD og tvisvar yfir landsmeðaltali.

Í heildina má segja að niðurstöður úr samræmdu prófunum séu nokkuð sveiflukenndar í öllum þremur árgöngunum og í öllum námsgreinunum. Út frá niðurstöðum í heild sinni má segja að skólinn komi nokkuð vel út út samræmdum prófum, er m.a. oft yfir eða við landsmeðaltal. Það sem er styrkleiki skólans er hve margir árgangar hækka sig á milli prófa.

Það má merkja þá þróun í niðurstöðum prófanna að skólinn kemur betur út eftir því sem nemendur eru eldri. Þegar niðurstöður einstakra árganga í íslensku eru skoðaðar þá má sjá að af þeim átta árgöngum sem hafa tekið prófin í fjórða bekk hækka fimm sig þegar í sjöunda bekk er komið og þrír árgangar lækka á milli prófa. Sjö árgangar standa í stað eða hækka sig frá sjöunda bekk til þess tíunda og þrír lækka sig. Sömu þróun má merkja í stærðfræði. Sex árgangar hækka sig úr fjórða bekk í sjöunda og tveir lækka sig. Fimm árgangar standa í stað eða hækka sig frá því að vera í sjöunda bekk í tíunda og fimm lækka sig.

Það má greina þróun um slakari niðurstöður núna síðustu ár sem full ástæða er til að taka alvarlega og bregðast við.

Hægt er að nálgast minnisblaðið á slóðinni:

Umbótaáætlun

Umbótaáætlun þessa skólaárs snýr að þremur yfirpáttum, þ.e. viðmiðum um gæði skólastarfs, umbótum í kjölfar ytra mats og umbótum vegna útkomu skólans úr PISA könnunar og samræmdra prófa. Þær eru settar og unnar á mjög misjafn hátt.

Viðmiði um gæði skólastarfs

| Umbótaþættir | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili/ar |
|--|--|-------------------------|-------------------------|
| 1.1. Námslotur/kennsluáætlanir þarf að setja upp í öllum árgöngum og námsgreinum. Marviss stuðning og eftirfylgni þarf með þeirri vinnu. | Samræmdar kröfur um innihald námslotna. Stjórnendur fylgi því eftir að samdar séu námslotur í öllum greinum. | Ágúst og september 2017 | Kennarar og stjórnendur |
| 1.1. Gera þarf skólanámskránna af virku og lifandi plaggi sem unnið er eftir og vitnað er í. | Skólanámskrá í sífelldri endurskoðun sem flestir úr skólasamfélaginu komi að. | Alltaf | Allir |
| 1.2. Auka fjölbreytni í kennsluháttum og val nemenda. | Bjóða upp á námskeið um fjölbreytta kennsluhætti. Leita eftir hugmyndum nemenda um valgreinar | Skólaárið 2017 – 2018. | Skólastjórnendur |
| 1.2. Endurskoða stefnu skólans hvað varðar heimanám og vinna eftir henni. | Endurskoða stefnu skólans í heimanámi | Haut 2017 | Skólastjóri |
| 2.2. Viðhald og aðbúnaður skólahúsnæðis | Unnin verði áætlun um viðhald- og búnað skólans til tveggja ára. Leitað verði eftir óskum starfsfólks og nemenda | Alltaf | Skólastjóri |
| 2.2. Endurmenntun á staðnum | Leitast verði við að sú símenntun sem verður í boði verði sem mest á staðnum. | Alltaf | Skólastjóri |
| 2.2. Heilsuefling starfsmanna | Kafli í starfsmannastefnu skólans snúi að heilsueflingu starfsfólks | Haut 2017 | Skólastjórnendur |

| Umbótaþættir | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili/ar |
|---|---|------------------------|------------------|
| 3.3. Endurskoða teymisvinnuna | Fjölgað verður tímum í teymiskennslu og samið við dr. Ingvar Sigurgeirsson með áframhaldandi samstarf | Skólaárið 2017-2018 | Skólstjóri |
| 3.3. Auka upplýsingastreymi | Skólasamfélagið verður sem best upplýst um starfsemi skólans, s.s. með heimasíðu, facebook síðu, fréttabréfi og tölvupóstum | Alltaf | Allt starfsfólk |
| 3.5. Auka mætti fjölbreytni í valgreinum sem gefa nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu á náms- og áhugasviðum. | Leita eftir hugmyndum nemenda um valgreinar | Skólaárið 2017 – 2018. | Skólastjórnendur |
| 3.5. Kynna mætti stefnu skólans eins og hún birtist í skólanámskrá betur fyrir öllum aðilum skólasamfélagsins | Skólanámskrá er aðgengileg á heimasíðu skólans. Efni hennar verður kynnt á öllum kynningarfundum með foreldrum og endurskoðuð á starfsmannafundum | Skólaárið 2017 – 2018. | Allt starfsfólk |
| 3.5. Móta þyrfti skýra starfsmannastefnu. | Samin verður starfsmannastefna fyrir skólann | Október 2017 | Skólastjóri |
| 3.5. Finna þarf fagaðila til að útfæra betur áætlanir um sérkennslu og stuðning og sjá um skimanir fyrir nemendur til að finna þá sem þurfa námsaðstoð. | Ráða verkefnastjóra í sér- og stuðningskennslu við skólann. | Vor 2017 | Skólastjóri |
| 4.2. Hvetja nemendur enn frekar til þess að sýna umburðarlyndi og þróa hæfni sína í mannlegum samskiptum. | Bekkjарfundir verði nýttir, farið verður með nemendur í 8.-10. bekk í hópefli og haldið áfram að vinna með samskipti með erindi.is | Alltaf | Allt starfsfólk |

| Umbótaþættir | Aðgerðir til umbóta | Tímaáætlun | Ábyrgðaraðili/ar |
|--|---|------------|--|
| 4.2. Auka þarf áherslu á námstækni og tímastjórnun. | Unnin verður áætlun í hvaða í hvaða bekkjum námsráðgjafi kynni fyrir nemendum námstækni og tímastjórnun fyrir nemendum. | Haust 2017 | Námsráðgjafi, stjórnendur og umsjónarkennarar. |
| 4.2. Auka/tryggja viðveru hjúkrunarfræðings í skólanum, sérstaklega við deildina á Lýsu. | Skólastjóri fer á fund Hve og fær yfirlit yfir viðveru skólahjúkrunarfræðings í skólanum. | Sumar 2017 | Skólastjóri |

Umbætur í kjölfar ytra mats

Í kjölfar matsins var samin úrbótaáætlun sem tók til 59 þátta í skólastarfinu sem betur máttu fara og unnið eftir henni síðast liðið skólaár, m.a. var samin starfsáætlun og ný skólanámskrá eins og Aðalnámskrá segir til um. Í lok skólaársins voru 40 þættir sem voru græn merktir sem þýðir að við höfðum lokið, 12 þættir sem var byrjað að vinna að og vinna var ekki hafin við 7 þætti sem unnið var að á þessu skólaári. Þetta voru þættir sem snéru að innra mati í skólanum en sú ákvörðun var tekin í upphafi síðasta skólaárs að einbeita sér að vinna að þessari úrbótaáætlun og bæta það sem betur má fara. Okkur fannst það vera skynsamlega ákvörðun að dreifa ekki kröftunum heldur einabeita okkur að því að gera góðan skóla enn betri. Sjá nánar á slóðinni

Í lok þessa skólaárs höfum við lokið við endurbætur á 16 þáttum sem við áttum eftir og eigum eftir að ljúka við þrjá þætti af 59 sem tilgreindur voru í umbótaáætluninni síðasta vor. Þeim verður að fullu lokið næsta haust.

Umbætur vegna vegna útkomu úr PISA könnunar og samræmdra prófa

Niðurstöðunum úr PISA könnuninni ber að taka alvarlega og bregðast við. Ekki er hægt að kenna neinum einum um þá stöðu sem nú er uppi en allir bera sameiginlega ábyrgð á að koma að úrbótum og koma að borðinu við þá vinnu. Ábyrgðarsviðin skarast og mikilvægt er að traust skapist á milli aðila þannig að þeir geti unnið sameiginlega að markvissum úrbótum. Þar skiptir miklu að traust viðhaldist á störfum kennara og skóla.

Mörg sveitarfélög og skólar hafa markað sér stefnu í þessu greinum og unnið eftir þeim. Slík vinna skilar árangri og má í því sambandi vísa til Reykjanesbæjar, Árborgar og Hafnarfjarðarbæjar, sjá fylgiskjöl 17 og 18. Mörg önnur sveitarfélög eru að fara svipaða leið, þ.e. að marka sér stefnu og vinna eftir henni.

Það má spyrja sig hvert það leiði okkur ef við sitjum bara, viðhöfumst lítið og ómarkvíst í þessum eignum?

Það sem búið er að gera:

- ✓ Skipa teymi í stærðfræði og læsi.
- ✓ Verið að kortleggja stöðuna í þessum tveimur greinum og semja stefnurStæ. gögn gerð aðgengileg, stærðfræði skápur og stæ. kassar.
- ✓ Bókasöfnin efla og opnunartími þeirra lengdur.
- ✓ Aðgengi að bókum bætt, bókaskápar á göngum á Lýsu og í Ólafsvík. Lestrarhöllin á Hellissandi.
- ✓ Átök í læsi.
- ✓ Kennarar í 1.-7. bekk með réttindi í pals og K pals námskeið.
- ✓ Þróunarskóli í innleiðingu lestrarprófa.
- ✓ Leikskólinn búinn að semja sér læsisstefnu.
- ✓ Samstarf við Bókasafn Snæfellsbæjar um sumarlestur.
- ✓ Útvarp þar sem lögð var áhersla á framsögn.
- ✓ Tökum þátt í Stóru upplestrarkeppninni og lestrarátökum.
- ✓ Framsögn æfð/þjálfuð á árhátíðum, jólasemmtunum og samkomum á sal.
- ✓ Nemendur lestrarprófaðir reglulega.
- ✓ Áhersla á teymiskennslu og stoðkennslan skipulögð um leið og stundataflan er gerð.

Þarf að huga að:

- ✓ Ánægju og gleði.
- ✓ Ljúka við að marka okkur stefnur í stærðfræði og læsi.
- ✓ Innleiða stefnu skólans.
- ✓ Upplestri/framsögn í 5.-10. bekk.
- ✓ Lestir í skóla og heima í 5.-10. bekk.
- ✓ Námskeiðum fyrir foreldra nemenda með lestrarerfiðleika.
- ✓ Taka virkan þátt í þeim viðburðum sem tengjast stærðfræði og læsi, s.s. degi stærðfræðinnar, degi læsis, norræna bókasafnsdeginum o.fl.

Lokaorð

Þessi sjálfsmatsskýrsla ber þessi merki að hún er sú fyrsta af þessum toga sem unnin er í skólanum. Hún tekur til valdra þátta sem snúa að viðmiðum um gæði skólastarfa, óloknum þáttum úr ytra mati frá síðasta skólaári og minnisblaði um niðurstöður skólans úr PISA könnunum og samræmdu prófum. Heilt yfir má segja að skólinn kemur vel út úr þessum þáttum í matinu. Þó eru blikur á lofti varðandi niðurstöður skólans úr samræmdum prófum. Í minnisblaði sem unnið var fyrir skólann kemur fram að:

Í heildina má segja að niðurstöður úr samræmdu prófunum séu nokkuð sveiflukenndar í öllum þremur árgöngunum og í öllum námsgreinunum. Út frá niðurstöðum í heild sinni má segja að skólinn kemur ekki illa út úr samræmdum prófum, er m.a. oft yfir eða við landsmeðaltal. Það sem er styrkleiki skólans er hve margir árgangar hækka sig á milli prófa.

Það má merkja þá þróun í niðurstöðum prófanna að skólinn kemur betur út eftir því sem nemendur eru eldri. Þegar niðurstöður einstakra árganga í íslensku eru skoðaðar þá má sjá að af þeim átta árgöngum sem hafa tekið prófin í fjórða bekk hækka fimm sig þegar í sjöunda bekk er komið og þrír árgangar lækka á milli prófa. Sjö árgangar standa í stað eða hækka sig frá sjöunda bekk til þess tíunda og þrír lækka sig. Sömu þróun má merkja í stærðfræði. Sex árgangar hækka sig úr fjórða bekk í sjöunda og tveir lækka sig. Fimm árgangar standa í stað eða hækka sig frá því að vera í sjöunda bekk í tíunda og fimm lækka sig.

Það má greina þróun um slakari niðurstöður núna síðustu ár sem full ástæða er til að taka alvarlega og bregðast við,

Það er mat sjálfsmatsteymisins að skólinn hefur alla burði til að bæta sig á þessu sviði þar sem hann hefur á skipa reyndu og vel menntuðu starfsfólki, aðbúnaður er nokkuð góður og unnið er markvisst að bæta vinnuaðstæður nemenda og starfsfólks. Nú þegar er byrjað að vinna eftir umbótaáætlun skólans, s.s. er búið að ráða verkefnastjóra í sér- og stuðningskennslu, læsisstefnan er að vera tilbúin, stefna er snýr að kennslu stærðfræði er í mótun, skólinn mun taka þátt í starfsþróunarverkefni á vegum HÍ og HA sem heitir *Námssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga*.

Við lítum björtum augum til framtíðar og stefnum að því að gera góðan skóla enn betri.

Heimildir

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir. (2012). *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (Án ártals). *Innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Björk Ólafsdóttir. (2010). *Skólastefna sveitarfélaga – Handbók*. (2010). Reykjavík: Samband íslenskra sveitarfélaga.

Hanna Hjartardóttir og Unnar Þór Böðvarsson. (2015). *Ytra mat grunnskóla - Grunnskóli Snæfellsbæjar*. Reykjavík: Námsmatsstofnun.

Sigríður Sigurðardóttir. (2016). *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Sigurlína Davíðsdóttir, Auður Pálsdóttir, Björk Ólafsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Helga Dís Sigurðardóttir, Ólafur H. Jóhannsson og Sigríður Sigurðardóttir (2011). *Leiðbeiningar um sjálfsmat skóla*. Reykjavík: Íslenska matsfræðifélagið.

Steinunn Helga Lárusdóttir (2002). *Mat á skólastarfi. Handbók fyrir skóla*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fylgiskjal 1: Viðmið um gæði í skólastarfi

Gagnaöflun

1. Nám og kennsla:

- 1.1 Inntak, árangur og framfarir
- 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi
- 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu
- 1.4 Námsættir og námsvitund
- 1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda
- 1.6 Skóli án aðgreiningar

2. Mannauður:

- 2.1 Fagmennska starfsfólks
- 2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað

3. Stjórnun og skipulag:

- 3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi
- 3.2 Stjórnun skólans
- 3.3 Faglegt samstarf
- 3.4 Skólaþróun og starfsþróun
- 3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur

4. Skólabragur:

- 4.1 Viðmót og menning
- 4.2 Velferð og líðan nemenda
- 4.3 Samstarf heimila og skóla

5. Innra mat

- 5.1 Framkvæmd innra mats
- 5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats

Fylgiskjal 2: Langtímaáætlun um innra mat

| Viðfangsefni | 2017-2018 | 2018-2019 | 2019-2020 |
|--|-----------|-----------|-----------|
| 1. Nám og kennsla: | | | |
| 1.1 Inntak, árangur og framfarir | x | x | x |
| 1.2 Skipulag náms og námsumhverfi | x | x | x |
| 1.3 Kennsluhættir og gæði kennslu | x | x | x |
| 1.4 Náms hættir og námsvitund | x | | |
| 1.5 Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda | | | x |
| 1.6 Skóli án aðgreiningar | | x | |
| 2. Mannauður: | | | |
| 2.1 Fagmennska starfsfólks | | x | |
| 2.2 Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað | x | | x |
| 3. Stjórnun og skipulag: | | | |
| 3.1 Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi | | | x |
| 3.2 Stjórnun skólans | | x | x |
| 3.3 Faglegt samstarf | x | | |
| 3.4 Skólaþróun og starfsþróun | | x | |
| 3.5 Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur | x | x | x |
| 4. Skólabragur: | | | |
| 4.1 Viðmót og menning | x | x | x |
| 4.2 Velferð og líðan nemenda | x | x | x |
| 4.3 Samstarf heimila og skóla | | x | |
| 5. Innra mat | | | |
| 5.1 Framkvæmd innra mats | x | | x |
| 5.2 Umbótastarf í kjölfar innra mats | x | | x |

